10. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 6. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal hvað sem öðru líður halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

10. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Article 10

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides —

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 6 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 11

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Nr. 21 28. júní 1990

AUGLÝSING

um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Hinn 22. júní 1990 var Alþjóðavinnumálastofnuninni afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra sem gerð var í Genf 20. júní 1983. Alþingi hafði með ályktun 8. febrúar 1990 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samþykktina. Hún öðlast gildi 22. júní 1991 að því er Ísland varðar.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT NR. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

er kom saman til 69. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 1983, eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

CONVENTION NR. 159 concerning Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons)

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office and having met in its Sixty-ninth Session on 1 June 1983, and

vísar til gildandi alþjóðastaðla í tillögunni um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955 og tillögunnar um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls frá 1975,

vísar til þess að síðan tillagan frá 1955 um starfsendurhæfingu fatlaðra tók gildi hafa umtalsverðar framfarir orðið í viðhorfum til þarfar á endurhæfingu, til umfangs og skipulags endurhæfingarþjónustu og laga og aðgerða margra aðildarríkja hvað varðar málefni sem sú tillaga tekur til,

hefur til hliðsjónar að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti árið 1981 alþjóðaár fatlaðra undir kjörorðinu „full hlutdeild og jafnrétti" og að víðtækri alþjóðaframkvæmdaáætlun er ætlað að tryggja raunhæfar aðgerðir á alþjóðavettvangi og í hverju landi til að gera að veruleika „fulla hlutdeild" fatlaðra í samfélaginu og „jafnrétti" þeim til handa,

telur að með framförum þessum sé orðið tímabært að setja nýja alþjóðastaðla um þessi mál sem miða að því að tryggja öllum hópum fatlaðra í dreifbýli sem þéttbýli sömu tækifæri og meðhöndlun hvað varðar atvinnu og aðlögun að samfélaginu,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi starfsendurhæfingu sem er fjórða mál á dagskrá þingsins,

hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir það í dag 20. júní 1983 eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra 1983:

I. kafli. Skilgreining og gildissvið

1. gr.

1. Í þessari samþykkt á hugtakið „fatlaður" við um einstakling sem hefur verulega skerta möguleika til að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp vegna viðurkenndrar líkamlegrar eða andlegrar fötlunar.

2. Samkvæmt þessari samþykkt ber hverju aðildarríki að líta svo á að tilgangurinn með endurhæfingu sé að gera fötluðum manni kleift að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp

Noting the existing international standards contained in the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955, and the Human Resources Development Recommendation, 1975, and

Noting that since the adoption of the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955, significant developments have occurred in the understanding of rehabilitation needs, the scope and organisation of rehabilitation services, and the law and practice of many Members on the questions covered by that Recommendation, and

Considering that the year 1981 was declared by the United Nations General Assembly the International Year of Disabled Persons, with the theme "full participation and equality" and that a comprehensive World Programme of Action concerning Disabled Persons is to provide effective measures at the international and national levels for the realisation of the goals of "full participation" of disabled persons in social life and development, and of "equality", and

Considering that these developments have made it appropriate to adopt new international standards on the subject which take account, in particular, of the need to ensure equality of opportunity and treatment to all categories of disabled persons, in both rural and urban areas, for employment and integration into the community, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to vocational rehabilitation which is the fourth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twentieth day of June of the year one thousand nine hundred and eighty-three the following Convention, which may be cited as the Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons) Convention, 1983:

Part I. Definition and Scope

Article 1

1. For the purposes of this Convention, the term "disabled person" means an individual whose prospects of securing, retaining and advancing in suitable employment are substantially reduced as a result of a duly recognised physical or mental impairment.

2. For the purposes of this Convention, each Member shall consider the purpose of vocational rehabilitation as being to enable a disabled person to secure, retain and advance in suitable employ-

og stuðla þannig að aðlögun eða enduraðlögun að þjóðfélaginu.

3. Ákvæðum þessarar samþykktar ber hverju aðildarríki að beita með aðgerðum sem eru í samræmi við ríkjandi aðstæður og starfshætti hverrar þjóðar.

4. Ákvæði þessarar samþykktar taka til allra hópa fatlaðra.

II. kafli. Reglur um starfsendurhæfingu og stefnu í atvinnumálum fatlaðra

2. gr.

Hvert aðildarríki skal í samræmi við aðstæður í landinu, starfshætti og möguleika, móta, hrinda í framkvæmd og endurskoða með ákveðnu millibili stefnu ríkisins í starfsendurhæfingu og atvinnumálum fatlaðra.

3. gr.

Umrædd stefna skal miða að því að tryggja að allir hópar fatlaðra hafi aðgang að endurhæfingarstarfsemi við sitt hæfi og að því að fjölga atvinnutækifærum fyrir fatlaða á hinum almenna vinnumarkaði.

4. gr.

Umrædd stefna skal byggð á þeirri reglu að fatlað launafólk hafi sömu tækifæri og launafólk almennt. Þess skal gætt að vinnandi fatlaðir, karlar og konur, hljóti sömu tækifæri og meðhöndlun. Ekki skal líta svo á að með sérstökum jákvæðum aðgerðum, sem miða að því að fatlað launafólk hljóti sömu tækifæri og meðhöndlun, sé verið að mismuna öðru launafólki.

5. gr.

Hafa ber samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks um framkvæmd umræddrar stefnu og hvaða aðgerðum skal beita til þess að auka samvinnu og samræmingu meðal þeirra opinberu aðila og einkaaðila sem tengjast endurhæfingarstarfsemi. Heildarsamtök fatlaðra og samtök sem starfa fyrir fatlaða skulu einnig höfð með í ráðum.

III. kafli. Aðgerðir á landsvísu til þróunar starfsendurhæfingar og vinnumiðlunar fyrir fatlaða

6. gr.

Hvert aðildarríki skal með lögum eða reglugerðum eða hverjum þeim aðgerðum öðrum, sem eru í samræmi við aðstæður og venjur í landinu, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að hrinda í framkvæmd 2., 3., 4. og 5. gr. þessarar samþykktar.

ment and thereby to further such person's integration or reintegration into society.

3. The provisions of this Convention shall be applied by each Member through measures which are appropriate to national conditions and consistent with national practice.

4. The provisions of this Convention shall apply to all categories of disabled persons.

Part II. Principles of Vocational Rehabilitation and Employment Policies for Disabled Persons

Article 2

Each Member shall, in accordance with national conditions, practice and possibilities, formulate, implement and periodically review a national policy on vocational rehabilitation and employment of disabled persons.

Article 3

The said policy shall aim at ensuring that appropriate vocational rehabilitation measures are made available to all categories of disabled persons, and at promoting employment opportunities for disabled persons in the open labour market.

Article 4

The said policy shall be based on the principle of equal opportunity between disabled workers and workers generally. Equality of opportunity and treatment for disabled men and women workers shall be respected. Special positive measures aimed at effective equality of opportunity and treatment between disabled workers and other workers shall not be regarded as discriminating against other workers.

Article 5

The representative organisations of employers and workers shall be consulted on the implementation of the said policy, including the measures to be taken to promote co-operation and co-ordination between the public and private bodies engaged in vocational rehabilitation activities. The representative organisations of and for disabled persons shall also be consulted.

Part III. Action at the National Level for the Development of Vocational Rehabilitation and Employment Services for Disabled Persons

Article 6

Each Member shall, by laws or regulations or by any other method consistent with national conditions and practice, take such steps as may be necessary to give effect to Articles 2, 3, 4 and 5 of this Convention.

7. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera ráðstafanir til þess að koma á fót og gera úttekt á starfskynningu, starfsþjálfun, vinnumiðlun, atvinnu og annarri skyldri þjónustu til að gera fötluðum kleift að tryggja sér starf, halda því og vinna sig upp; þá þjónustu sem fyrir hendi er fyrir launafólk almennt skal nota með nauðsynlegum breytingum þegar hægt er og við á.

8. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess að stuðla að því að stofnuð verði og byggð upp starfsendurhæfingarþjónusta og vinnumiðlun fyrir fatlaða í dreifbýli og í afskekktum sveitarfélögum.

9. gr.

Hvert aðildarríki skal stefna að því að tryggja að endurhæfingarráðgjafar og annað menntað starfsfólk, sem sér um starfskynningu, starfsmenntun, vinnumiðlun og atvinnu fatlaðra, hljóti þjálfun og sé tiltækt.

Article 7

The competent authorities shall take measures with a view to providing and evaluating vocational guidance, vocational training, placement, employment and other related services to enable disabled persons to secure, retain and advance in employment; existing services for workers generally shall, wherever possible and appropriate, be used with necessary adaptions.

Article 8

Measures shall be taken to promote the establishment and development of vocational rehabilitation and employment services for disabled persons in rural areas and remote communities.

Article 9

Each Member shall aim at ensuring the training and availability of rehabilitation counsellors and other suitably qualified staff responsible for the vocational guidance, vocational training, placement and employment of disabled persons.

IV. kafli. Lokaákvæði

10. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

11. gr

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingar sínar.

2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

12. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum 10 árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabils, sem um getur í fyrri tölulið,

Part IV. Final Provisions

Article 10

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 11

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 12

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years

rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

13. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin öðlist gildi.

Article 13

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

14. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

Article 14

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

15. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að telja það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

Article 15

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

16. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæði 12. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

Article 16

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides —

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 12 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. Þessi samþykkt skal hvað sem öðru líður halda gildi sínu eins og hún er að formi til og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

17. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 17

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

29. júní 1990 Nr. 22

AUGLÝSING

um breytingar á EFTA-samningnum vegna fríverslunar með fiskafurðir.

Hinn 27. júní 1990 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á samningi frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem samþykktar voru á 12. fundi EFTA-ráðsins 14. júní 1989 í samþykkt nr. 6/1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970. Alþingi hafði með ályktun 30. apríl 1990 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta breytingarnar. Þær öðlast gildi 1. júlí 1990.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT RÁÐSINS NR. 6/1989

(Samþykkt á 12. fundi ráðsins 14. júní 1989)

BREYTING Á SAMNINGNUM

Breytingar á 26. gr. og 38. gr. og á viðauka E og niðurfelling á 27. gr. og 28. gr.

RÁÐIÐ

vísar til ákvæða 44. gr. samningsins og

er einhuga um að styrkja samvinnu innan EFTA með frjálsum viðskiptum með fisk milli EFTA-ríkjanna,

ÁLYKTAR

I. Samningnum skal breytt svo sem hér segir:

1. 26. gr. skal breytt þannig:

DECISION OF THE COUNCIL No. 6 OF 1989

(Adopted at the 12th Meeting on 14 June 1989)

AMENDMENT OF THE CONVENTION

Amendments to Articles 26 and 38 and to Annex E, and deletion of Articles 27 and 28

THE COUNCIL,

Having regard to the provisions of Article 44 of the Convention, and

Determined to strengthen the internal EFTA co-operation through full liberalization of intra-EFTA trade in fish,

DECIDES:

I. The Convention shall be amended as follows:

1. Article 26 shall be amended to read: